

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 7. október 2019.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið:

Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar

Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu

Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands.

Dana Rán Jónsdóttir (DRJ) umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri.

Björk setti fundinn **kl. 10.30** Dana Rán Jónsdóttir var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1. Áhersluatriði næsta tímabils

Tekinn var upp þráðurinn á áhersluatriðum næsta tímabils. Á síðasta fundi var ákveðið að áherslurnar fyrir næsta úthlutunar tímabil tengdust heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. BÓ hafði lagt þá hugmynd undir ráðherra sem samþykkti tillögu stjórnar. BÓ dró sérstaklega fram í minnisblaði sínu til ráðherra heimsmarkmið 4 sem snýr að menntun en einnig markmið 3 um heilsu og vellíðan, markmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög, 12 um ábyrgða neysla og framleiðslu sem og markmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. En önnur af heimsmarkmiðunum koma einnig til greina þegar sótt er um í sjóðinn á næsta tímabili.

Rætt var um að þegar sótt er um styrk þurfi umsækjandi að tilgreina sérstaklega hvaða heimsmarkmið tengjast verkefninu og rökstyðja hvers vegna.

Stjórnin útbjó drög að texta fyrir heimasíðu sjóðsins sem ætlað er að hjálpar fólki að skilja hvað heimsmarkmið eru og hverju Sprotasjóður leitast sérstaklega eftir í umsóknum fyrir næsta tímabil. Stjórnarmeðlimir skoða textan milli funda og koma með tillögur að breytingum fyrir næsta fund.

2. Skilgreining á Sprotu

Stjórnin velti fyrir sér hvað sprotaverkefni eiga að fela í sér og setti saman drög að skilgreiningum.

Stjórnarmeðlimir skoða tillögurnar milli funda og koma með tillögur að breytingum fyrir næsta fund.

3. Önnur mál

- A. Tekinn var upp þráðurinn á máli A undir önnur mál í síðustu fundargerð. Er það mál enn í vinnslu en að öllum líkindum búið að leysa.
- B. Rætt var um að stofna facebook síðu fyrir Sprotasjóð þar sem hægt verður að setja inn auglýsingar og tilkynningar frá Sprotasjóði. Einnig kom sú hugmynd upp að sá vettvangur gæti nýst svo skólar geti leitað samstarfs.
- C. Umsýsluaðila Sprotastjóðs var falið að spyrjast fyrir um kerfið sem Nordplus er með fyrir umsækjendur til að finna samstarfsaðila og athuga hvort sjóðurinn geti fengið afnot af því eða nýtt grunnin að kerfinu fyrir heimasíðu sjóðsins.

Fundi var slitið kl. 12:01